



Landbúnaðarnefnd Alþingis
Bt. Sigrún Brynja Einarasdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

4. mars 2004

Efni:

Umsögn um tillögu að þingsályktunartillögu um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó, 284. mál.


Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórnin beitir sér fyrir rannsókn á sjávarvist laxa í þeim tilgangi að kanna tengslin á milli umhverfisaðstæðna í hafi og hins vegar vaxtar, affallna og endurheimtu.

Stjórn Landverndar hefur markað sér stefnu vegna eldis á laxi í sjókvíum sem felur í sér eftirfarandi atriði:

- i. ekki verði heimilað frekara eldi á laxi í sjókvíum án þess að áður hafi varið fram mat á umhverfisáhrifum þess.
- ii. komi til frekari leyfisveitinga fyrir laxeldi verði leyfin bundin eldi á geldlaxi. Jafnframt verði reynt að innkalla eldri leyfi og breyta þeim þannig að þau verði bundin við geldlax.
- iii. farleiðir villtra laxa verði rannsakaðar í þeim tilgangi að finna heppilega staðsetningu fyrir laxeldi í sjókvíum sem miði að því að hindra útbreiðslu sjúkdóma frá eldisstöðvum yfir í villta stofna.
- iv. gerðar verði kröfur um merkingar eldislaxa þannig að rekja megi uppruna þeirra og að fyrirtækjum í laxeldi verði gert að kaupa ábyrgðartryggingu til að mæta hugsanlegum bóttum vegna skaða sem eldið getur valdið á lífríkinu.

Stjórn Landverndar tekur undir framlagða þingsályktunartillögu um að rannsaka afdrif laxa í sjó. Með vísan í mikilvægi þess að afla upplýsinga um farleiðir villtra laxa í sjó, sbr. pkt. iii hér að framan, telur stjórnin æskilegt að rannsóknin verði skipulögð með það í huga að afla jafnframt upplýsinga um þetta atriði. Um þetta atriði er fjallað í athugasemdum við þingsályktunartillöguna en rétt er að nota tækifærið til að áréttta þetta.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar


Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri